

Stjórnarfundur LH 18. desember 2009

13. fundur. Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Aðalstjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Sigurður Ævarsson, Oddur Hafsteinsson, Valdimarsdóttir, Ísleifur Jónasson og Maríanna Gunnarsdóttir og Gunnar Sturluson.

1. Fundargerð þriggja síðustu stjórnarfunda.

Fundargerð þriggja síðustu funda yfirfarin og samþykktar

2. Landsliðsmál

Farið var yfir skýrslu Gunnars Sturlusonar og minnisblað formanns landsliðsnefndar, skýrsla liðstjóra Einar Öders Magnússonar, dýrlæknis landsliðs Susy Brown ásamt punktum frá eftirfarandi aðilum og , Gunnar Arnarssonar og kristbjargar Eyvindsdóttir, Lindu Rúnar Pétursdóttur, Þórarins Eymundssonar, Snorra Dal sem höfðu borist og þær ræddar. Í framhaldinu var ákveðið að skrifstofu LH væri falið að útbúa gátlista er varðar skipulag landsliðs LH. Gátlistann skal afhenda stjórn 31.mars 2010.

3. Agamál

Farið var yfir dómsniðurstöðu dómstóls ÍSÍ er varðar máefni Þórðar Þorgeirssonar og verður niðurstöðu hans unað og verður niðurstaðan send til FEIF. Farið var yfir skýrslu vegna vinnu Aganefndar og hún rædd.

Haldin hefur verið fundur með forráðamönnum BÍ og niðurstaðan kynnt.

3. Staðarval 2012.

Lagðar voru fram kynningar og tengd skjöl frá Hestamannafélaginu Fák og frá Rangárbökkum sem bæði hafa sótt um að fá að halda Landsmót 2012. Umræður fóru fram og var ákvarðanatöku frestað þangað til 29.12 2009 kl 10:00.

5. Önnur mál

a) Sportfengur

Tillaga kom fram um hækkun gjalds á hverja skráningu úr eitt hundrað kr. í tvö hundruð kr. og var það samþykkt.

b) Innanhúsmót

Ákveðið var að keppnisnefnd skili tillögum að reglum fyrir innanhúsmót. Reglugerðin skal miða að því að mót sem haldin eru innanhús verði gerð lögleg.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Oddur Hafsteinsson*